

# Vetrardekk

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 2020

Kynningar: Nesdekk, Dekk1.is, Arctic Trucks



Nú á COVID-19 tímum þarf að huga vel að sóttvörnum og því eru allir starfsmenn hjá Nesdekkjum vel sprittaðir og bera grimur og hanska. Enginn starfsmaður fer inn í bílana, heldur aka eigendur bílunum sínum sjálfir inn á gólf. Lengri opnunartími að Breiðhöfða á að stuðla að því að færri viðskiptavinir séu á staðnum á sama tíma til að minnka smithættu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Þekking og þjónusta á sex Nesdekk-verkstæðum

Nesdekk bjóða þjónustu fagmanna og opnaði nýlega nýja heimasíðu þar sem hægt er að skoða úrvalið, lagerstöðu og verð, og bóka tíma í dekkjaskipti. Á verkstæðinu á Breiðhöfða er nú opið lengur til að mæta eftirspurn og ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja sóttvarnir. ➔2





Starfsmenn vinna á vöktum og það þarf aldrei að skapast ringulreið á verkstæðinu. Viðskiptavinir geta bókað tíma og fengið sér kaffi og hressingu á meðan skipt er. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

#### Framhald af forsiðu ➔

**H**já Nesdekkjum hugsa menn stórt og eru verkstæði þeirra nú sex talsins, á nokkrum stöðum á Reykjavíkursvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri, en Nesdekkjaverkstæðið að Breiðhófða 13 er stærsta og eitt full-komnasta hjólbarda- og verkstæði landsins. Þar er hugsað fyrir öllu þegar þjónusta og gæði eru annars vegar og Ólafur Benediktsson, framkvæmdastjóri Nesdekkja, boðar margar nýjungar.

„Nesdekk-verkstæðið okkar að Breiðhófða er sérhannað fyrir starfsmena með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita bílum af öllum stærðum og gerðum fyrsta flokks hjólbardaþjónustu, auk þess sem það er gegnum-keyranlegt fyrir atvinnubíla,“ segir Ólafur og bendir meðal annars á niðurgrafnar lyftur og snertilausar umfelgunarvélar. „Viðskiptavinirnir okkar geta því treyst okkar mönnum fyrir bílum sínum og atvinnutækjunum þegar dekkinn og felgurnar eru annars vegar. Svo getum við líka geymt dekkinn á dekkjahótelinu okkar ef fólk vill.“

Ólafur áréttar að nú á COVID-19 tímum séu allir starfsmenn vel sprittaðir, beri grimur og hanska. Þá fari enginn starfsmaður inn í bílana og eigendur aki bílum sínum sjálfir inn á gólf. Lengri opnunartími að Breiðhófða er einnig hugsaður út frá því að færri viðskiptavinir séu á staðnum á sama tíma.

#### Tímapantanir léttu mönnum lífið

„Október er stærsti mánuðurinn í dekkjabransanum og hann hefur oft einkennst af löngum bið-röðum. Við í Nesdekkjum höfum brugðist við þeim vanda með því að bjóða fólki þann valkost að panta tíma fyrir bílinn í dekkjaskipti fyrir fram á verkstæðunum á Breiðhófða og Fiskislóð. Þetta er spurning um að léttu fólki lífið. Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með þessa nýjung, enda er fólk almennt vant því að bóka tíma fyrir fram þegar um annars konar þjónustu er um að ræða, samanber klippingu eða læknavitjun.“

Ólafur bendir líka á að eftir sem

#### Hér starfa menn með áratuga reynslu í dekkjabransanum sem vita hvað þeir syngja.

áður geti fólk valið að fara í röð á öðrum Nesdekkjaverkstæðum.

#### Fagleg ráðgjöf við dekkjaval og ný heimasíða


Ólafur segir að góð þjónusta byggist á mannskap með reynslu. „Það er viðurkennd staðreynd að dekkinn hafa heilmikið að segja um aksturseginnleika bílsins og því veltur öryggi ökumanna og farþega á gæðum þeirra. Við hjá Nesdekkjum höfum alltaf kappkostað að hafa fagmenn að störfum sem geta veitt bestu ráðgjöf við dekkjaval sem völ er á,“ segir hann. „Hér starfa menn með áratuga reynslu í dekkjabransanum sem vita hvað þeir syngja.“

Hjá Nesdekkjum finnur þú hjólbarda frá þekktustu framleiðendum í heimi s.s. TOYO, PIRELLI, MASTERCRAFT, NANKANG, LAUFENN, MAXXIS OG INTER-STATE, ásamt fjölmörgum öðrum tegundum. Nýlega opnaði fyrirtækið nýja heimasíðu, nesdekk.is, þar sem fólk getur skoðað úrvalið, verið dekkja, lagerstöðu og bókað tíma.

#### Allir á dekki frá kl. 6.00–23.00 að Breiðhófða 13

Óhætt er að segja að mikið gangi á þessa dagana hjá Nesdekkjum á Breiðhófða. „Þessi tími er okkar vertíð og þegar eftirspurnin eftir þjónustu er mikil er brýnt að skipuleggja starfsmena vel. Við erum því á fullu gasi frá kl. 6.00 á morgnana til 23.00 á kvöldin allan október. Þannig náum við að þjóna enn fleiri viðskiptavinum,“ segir Ólafur.

Nánari upplýsingar á nesdekk.is og í síma 561-4200.



Nesdekk eru nú með verkstæði á sex stöðum á landinu. Þau er að finna á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Á Breiðhófða 13 er nú opið frá 06.00 – 23.00 alla virka daga til að mæta eftirspurn.



Mikið úrval hjólbarda frá þekktustu framleiðendum í heimi er í boði hjá Nesdekkjum. Hér stendur Ólafur Konráð Benediktsson, framkvæmdastjóri Nesdekkja, við öflugan lager fyrirtækisins, sem hægt er að skoða á vefnum.



Sérfræðingar eins og Daniel Terrazas, stöðvarstjóri atvinnubíla, taka á móti viðskiptavinum með bros á vör.

Sjáðu úrvalið á  
**nesdekk.is**

Breiðhófði 13  
110 Reykjavík  
590 2080

Fiskislóð 30  
101 Reykjavík  
561 4110

Grjóthálsi 10  
110 Reykjavík  
561 4210

Lyngási 8  
210 Garðabæ  
565 8600

Njarðarbraut 9  
260 Reykjanesbæ  
420 3333

Njarðarnesi 1  
603 Akureyri  
460 4350

**NESDEKK**





Davíð Snær segir að Dekk1.is sé ein stærsta dekkjanetverslun landsins, en með beinni sölu í gegnum netið getur hún boðið betra verð en almennt þekkist hér á landi. Nýverið opnaði fyrirtækið svo dekkjaverkstæði í Reykjavík og Keflavík. Með því að bjóða besta verðið á landinu leggur fyrirtækið sitt af mörkum á þessum krefjandi tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dekk1.is - dekk á betra verði

Dekk1.is býður dekk til sölu í gegnum netið á betra verði en almennt þekkist. Dekkin eru send hvert á land sem er. Fyrirtækið var að opna ný verkstæði og býður umfelgun á afar hagstæðum kjörum.

**D**ekk1.is er ein stærsta dekkja netverslun landsins, en við sérhæfum okkur í sölu dekkja á netinu. Með beinni sölu í gegnum netið getum við boðið betra verð en almennt hefur þekkist hér á landi,“ segir Davíð Snær Jónsson, framkvæmdastjóri Dekk1. „Undanfarin sjö ár höfum við aðeins verið netverslun, en opnuðum nýverið dekkjaverkstæði í Reykjavík og Keflavík. Opnun verkstæðanna kemur til vegna þess að við reukum einnig bílaleigu, en þar sem breyttrar aðstæður komu upp í þeim rekstri sökum COVID-19 tókum við þá ákvörðun að ríða á vaðið og opna dekkjaverkstæðin tvö. Okkur finnst gaman að hafa nóg að gera,“ útskýrir Davíð. „Á verkstæðum okkar bjóðum við umfelgun á afar hægstæðum kjörum, frá aðeins 7.900 kr. og höfum við lagt upp með að bjóða besta verðið á landinu og leggja þannig okkar af mörkum á þessum krefjandi tímum,“ segir Davíð. „Hjá okkur eru svo engar tíma-pantanir, heldur þarf bara að mæta.“ Netverslanir koma sér vel í COVID-19 og með öflugri netverslun einföldum við aðgengi viðskiptavina að vörunni sjálfri. Ferlið er mjög einfalt, þú slærð inn dekkjastærðina þína, setur dekkinn í körfuna, gengur frá kaupnum og

**Netverslanir koma sér vel í COVID-19 og með öflugri netverslun einföldum við aðgengi viðskiptavina að vörunni sjálfri.**

kemur síðan í umfelgun í Reykjavík eða Keflavík þegar þér hentar,“ útskýrir Davíð. „Við sendum einnig dekkinn hvert á land sem er í samstarfi við Póstinn. Á dekkjaverkstæðum okkar höfum við svo líka lagt mikið upp úr sóttvörnum, tveggja metra reglan er í hávegum höfð og handspritt er á öllum borðum. Dekkin okkar eru frá öllum helstu framleiðendum og reynast vel við íslenskar aðstæður. Við bjóðum upp á negld og ónegld vetrardekk, heilsársdekk og sumardekk í öllum helstu stærðum. Við höfum selt dekk á netinu í sjö ár og hefur þjónustan hlotið lof viðskiptavina okkar,“ segir Davíð. **Verðvernd, skilafrestur og ábyrgð** „Við leggjum mikla áherslu á ánægju viðskiptavina okkar og tryggjum hana með ýmsum hætti,“ segir Davíð. „Með verð-

## Verðdæmi á dekkjum:

|     |                     |
|-----|---------------------|
| 14" | verð frá 7.960 kr.  |
| 15" | verð frá 9.590 kr.  |
| 16" | verð frá 11.590 kr. |
| 17" | verð frá 13.590 kr. |
| 18" | verð frá 15.590 kr. |
| 19" | verð frá 21.800 kr. |
| 20" | verð frá 21.590 kr. |

vernd okkar tryggjum við að þú fáið alltaf besta verðið hjá okkur. Ef svo ólíklega vill til að þú finnur bara verð á sambærilegri vöru hjá öðrum söluaðila á Íslandi innan sjö daga frá kaupdegi, endurgreiðum við þér mismuninn og veitum þér að auki 10% afslátt. Ef þú pantaðir vitlausu vöru, líkar ekki varan, eða það hefur bara eitthvað breyst og þú þarft ekki lengur á henni að halda, getur þú einfaldlega skilað henni,“ segir Davíð. „Þú hefur 30 daga frá kaupdegi til að skila henni og getur þá fengið hana endurgreidda að fullu. Þetta er þó auðvitað háð því að varan sé ónotuð og í upprunalegu ástandi. Síðast en ekki síst bjóðum við upp á tveggja ára neytendaábyrgð á öllum okkar vörum vegna framleiðslugalla,“ segir Davíð. „Ef svo ólíklega vill til að vörur frá okkur eru gallaðar, bætum við viðskiptavinum okkar það upp með nýrri



Á verkstæðum Dekk1 er boðið upp á umfelgun á afar hægstæðum kjörum, frá aðeins 7.900 kr., en hugmyndin er að bjóða besta verðið á landinu.

alveg eins eða sambærilegri vöru. Við bjóðum svo upp á þann greiðslumáta sem þér hentar. Hægt er að greiða með korti, með milli-færslu eða fá greiðsludreifingu í gegnum Borgun, Símann Pay, Netgíró, AUR og Pei í pöntunarferli á síðunni okkar. Þetta getur auðveldað mörgum útgjöldin,“ útskýrir Davíð.

Dekk1 er með verkstæði á Funa-höfða 6 í Reykjavík og Njarðarbraut 11 í Reykjanesbæ. Opíð 09.00 - 18.00 alla virka daga. Lokað um helgar. Nánari upplýsingar: [fyrirspurnir@dekk1.is](mailto:fyrirspurnir@dekk1.is) Sími: 519-1516 [www.dekk1.is](http://www.dekk1.is)





# Skrítið ástand vegna COVID

Nú gengur sá tími í garð að ökumenn skipta af sumardekkjunum yfir á vetrar- eða nagladekk. Sturla Pétursson segir að búast megi við mikilli örtröð á dekkjaverkstæðum á næstu dögum.

Njáll  
Gunnlaugsson  
njall@frettabladid.is



**Þ**etta er sérstakt ástand út af kórónaveirunni. Það þurfa allir að vera þolinmóðir og það mega ekki of margir vera inni á verkstæðinu í einu. Það er að mörgu að huga fyrir okkur, til dæmis að eiga nóg af spritti. Við förum eftir öllum sóttvarnareglum enda brýn ástæða til. Viðskiptavinir okkar hafa verið duglegir að sýna þolinmæði vegna ástandsins sem hefur skapast vegna veirunnar. Margir ökumenn hafa verið snemma á ferðinni til að forðast biðraðir. Það hefur verið nokkuð mikið að gera síðustu daga, allt frá því þegar fyrsti snjórinn kom í Esjuna, þann 20. september. Það er merki þess að veturinn sé að koma,“ segir Sturla og bætir við að hann fylgist vel með veðurspánni, enda fylgi það starfinu því það séu miklir álagstímar á hjólbardaverkstæði þegar veður skipast fljótt í lofti og þá sérstaklega á haustin. Þá þurfi að kalla út aukamannskap oft með litlum fyrirvara. „Ég verð alltaf stressaður þegar nálgast frostmark. Ég var að borða kvöldmatinn um daginn og það kom haglé og þá svaf ég ekkert um nóttina því ég var að undirbúa allan hamaganginn á hjólbardaverkstæðinu daginn eftir í huganum,“ segir hann og brosir.

## Góðir hjólbardar auka öryggi

Sturla segir að góðir hjólbardar auki öryggi bílsins til muna, hvort sem það er vetur eða sumar. Hann segir að um 40% ökumanna séu á nagladekkjum yfir vetrartímann en um 60% á ónegldum vetrardekkjum.

„Við höfum séð mikið af harðskelja- og harðkornadekkjum á undanförunum árum. Þau hafa verið að koma inn í staðinn fyrir nagladekkinn sem hafa verið á undanhaldi síðustu ár. Nagladekk-in hafa reyndar komið svolítið aftur inn síðustu tvo vetur, þar sem það var óvenjulegt veður og færð. Það hafði áhrif. Annars eru það þeir sem keyra mikið úti á landi sem velja helst nagladekkinn, enda meiri þörf á að vera á þeim þar. Nagladekkinn hafa meira grip og nýttast sérlega vel á þeim



Sturla Pétursson hefur starfað við dekkjaskipti frá 18 ára aldri.

**Þeir sem eru á heilsársdekkjum ættu að láta skipta á milli fram- og afturdekkja með reglulegu millibili svo þeir klári ekki annað hvort parið.**

stöðum þar sem er mikill snjór og lítið rutt. Nagladekk eru auðvitað best við ákveðnar aðstæður eins og þegar ísing myndast, til dæmis svokallað „black ice“ þegar er rigning og það frýstir að kvöldi og það myndast lúmsk hálka. Þetta eru kannski nokkrir dagar á ári hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem nagladekkinn nýttast betur en önnur dekk.

## Rétt mynsturdýpt

Sturla segir það mikilvægt að huga reglulega að dekkjunum og skoða mynsturdýpt, loftþrýsting og almennt ástand þeirra. „Reglugerð segir að mynsturdýpt dekkja verði að vera að minnsta kosti 3 millimetrar yfir veturinn, það er frá 1.

nóvember til 14. apríl. Yfir sumartímann á dýptin að vera lágmark 1,5 millimetrar.“

Sturla nefnir að loft í dekkjum þurfi að vera hæfilegt til að aksturseginnleikar bílsins haldist réttir. „Gott er að athuga loftþrýstinginn á dekkjunum reglulega. Réttur loftþrýstingur eykur líftíma dekkjanna. Það þarf að vera sami loftþrýstingur á dekkjum sama áss. Of mikið eða of lítið loft slítur dekkjunum og getur valdið hættu við akstur. Þá er mikilvægt að láta jafnvægisstilla dekkinn. Svo er oft ágætt að hreinsa dekkinn á veturna. Ef það er búið að vera mikill snjór og hálka er ágætt að nota tjöruhreinsi til að hreinsa tjöruna sem myndast. Þeir sem

eru á heilsársdekkjum ættu að láta skipta á milli fram- og afturdekkja með reglulegu millibili svo þeir klári ekki annað hvort parið. Framdekkinn eyðast meira á framhjóladrifnum bílum og afturdekkinn á afturhjóladrifnum bílum,“ segir Sturla sem hefur staðið vaktina á Gúmmivinnustofunni síðan hann var 18 ára gutti eða í 33 ár. Hann hefur verið eigandi og framkvæmdastjóri Gúmmivinnustofunnar síðastliðin 18 ár. Þrír ættliðir eru búnir að reka Gúmmivinnustofuna, hjólbardaverkstæðið á höfuðborgarsvæðinu var stofnað árið 1960, en það var Halldór Björnsson, afi konu Sturlu, sem stofnaði fyrirtækið á sínum tíma.

**GREEN DIAMOND**  
HARÐKORNADEKK

Einu umhverfisvænu dekkinn á markaðnum  
hardkomadekk.is

**VARST EFTIR LÍKINGAM!**

Hárbeittir íðnaðardemantar koma í stað nagla og ná í gegnum allt slitlag dekkisins sem stóreyktur öryggi

**„Dekkaðu“ kolefnis-sporið**

ogaktu um á umhverfisvænum Green Diamond heilsársdekkjum, sérhönnuðum fyrir íslenskar aðstæður.

**Öruggasti valkosturinn í stað nagladekkja\***

**20 ÁRA REYNSLA!**

**PANTIÐ Á:**  
panti@hardkomadekk.is  
611 7799  
www.hardkomadekk.is



# Sérhæfa sig í jeppadekkjum

Arctic Trucks hefur boðið gæða jeppadekk í áraraðir sem hafa reynst einstaklega vel við íslenskar aðstæður. Boðið er upp á 29 til 44 tommu dekk fyrir flestar gerðir jeppa.

Arctic Trucks sérhæfir sig í dekkjum frá 29 upp í 44 tommur og einnig í jeppabreytingum. Þau stærstu eru gerð fyrir breytta bíla en félagið er einnig sérhæft í jeppabreytingum. Arctic Trucks er umboðsaðili fyrir hágæða jeppadekk frá ameríska fyrirtækinu Dick Cepek. „Við höfum boðið þessi dekk í hartnær fjörutíu ár á Íslandi. Flest jeppafólk þekkir þau,“ segir Steinar Sigurðsson, sölustjóri hjá Arctic Trucks, og bætir við að Dick Cepek séu frábær jeppadekk til fjallaferða. Einnig býður fyrirtækið viðtækt vöruúrval fyrir alla venjulega jeppa til alhliða notkunar sumar sem vetur.

Dick Cepek-vörulínan er fjölbreytt, hún er vinsælasta vörulínan í dekkjum hjá Arctic Trucks og býður dekk fyrir minnstu jeppana sem og þá allra stærstu. Sú breyting verður nú á framleiðslu Dick Cepek að allra stærsta jeppadekkið frá þeim dettur úr framleiðslu. Þar er um að ræða DC, 44 tommu dekkinn sem eigendur mikið breyttra jeppa hafa ekið á um árabíl. Í staðinn kemur Arctic Trucks inn með ný dekk sem félagið hefur hannað í samvinnu við Nokian og heitir AT Nokian Hakkapeliitta 44.

„Framleiðandi Dick Cepek hefur í nokkurn tíma látið í það skína að framleiðslu á DC 44 tommu dekkjunum verði hætt. Aðferðin við gerð þeirra er gömul en þau eru handunnin og steipt. Síðustu tíu ár hafa þeir eingöngu framleitt þessi dekk fyrir okkur og hafa framleitt nokkra gáma á ári. Nú liggur fyrir að dekkinn hætta í framleiðslu. Það eru margir bílar sem hefur verið

breytt fyrir þessi dekk og eigendurnir eiga eftir að sakna þeirra,“ segir Steinar.

„Eins og áður bjóðum við nú AT Nokian Hakkapeliitta 44 tommu dekkinn sem eru sérhönnuð til vetrar- og snjóaksturs. Þau eru mjúk og henta einstaklega vel til aksturs við erfiðar aðstæður. Þetta eru radial dekk sem eru merkt okkur og eingöngu seld hjá Arctic Trucks. Dekkin hafa komið frábærlega vel út og endingin framur öllum vonum eftir tveggja ára reynsluakstur. Ferðabjónustan hefur einnig verið nota þessi dekk með góðum árangri. Dekkin eru hljóðlát og þægileg í akstri. Mynstrið í þeim, sem er margverðlaunað, gerir gripið í snjó einstakt.

## Minni eyðsla

„Við höfum prufuekið jeppa á Grænlandsjökli og á Suðurskautinu en bílarnir sem óku á AT Nokian 44 eyddu um 27% minna eldsneyti en þeir sem voru á öðrum dekkjum. Við erum því hæstánægð með nýja AT Nokian 44,“ segir Steinar.

„Við bjóðum upp á fjölbreytta vörulínu fyrir flestar tegundir af jeppum. Við hvetjum fólk til að hafa samband við ráðgjafa okkar til að fá leiðsögn með hvaða jeppadekk henta þeim og hvaða eiginleikum leitað er að.“

Arctic Trucks er staðsett á Kletthálsi 3, hægt er að skoða úrval dekkja á vefversluninni, [verslun.arctictrucks.is](http://verslun.arctictrucks.is). Boðið er upp á alla almenna hjólbílaþjónustu hjá Arctic Trucks að Kletthálsi 3.



Steinar, sölustjóri hjá Arctic Trucks, segir að í boði sé mikið úrval af dekkjum fyrir allar gerðir jeppa og að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# JEPPADEKK

DEKKJAÞJÓNUSTA TÍMAPANTANIR Í SÍMA 540 4900

**Dick  
CEPEK**  
TIRES & WHEELS

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29 - 44”.

**KANNAÐU ÚRVALIÐ! [VERSLUN.ARCTICTRUCKS.IS](http://verslun.arctictrucks.is)**

**ARCTIC  
TRUCKS**  
EXPLORE WITHOUT LIMITS





# Opnar óteljandi möguleika

Hjólbarðar mynda einu snertingu ökutækja við veginn og því er afar mikilvægt að þeir séu í góðu lagi, sem og vegir lands. Með veggreini Vegagerðarinnar er stuðlað að bættu umferðaröryggi.

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Veggreinir var tekinn í notkun hjá Vegagerðinni árið 2018. Það er mælifíll sem er afar vel útbúinn og getur mælt yfirborð, nánasta umhverfi og uppbyggingu vega með auðveldum hætti. Á meðan bílnum er ekið er gögnum safnað með myndatökum og mælingum. Mælingarnar eru svo lesnar inn í sérútbúinn hugbúnað sem aðstoðar við ástandsmat vega og getur þannig aðstoðað starfsmenn Vegagerðarinnar við að forgangsraða vegum sem þarfnast viðhalds og meta umferðaröryggi þeirra.

Veggreinirinn opnar óteljandi möguleika við skilvirka gagnaöflun og vinnslu fyrir viðfeðmt vegakerfi Vegagerðarinnar. Upphaflega var áætlað að kaupa tæki sem gæti skannað vegyfirborð og greint jarðlög og efnisskil í vegum en fljótlega kom í ljós að hægt var að fá svo miklu meiri og víðtækari gagnaöflun og greiningu fyrir hin ólíku svið Vegagerðarinnar. Ákveðið var að kaupa tæki frá finnska fyrirtækinu Roadscanners, sem einnig hefur þróað hugbúnaðinn Road Doctor til úrvinnslu og birtingu niðurstaðna úr mælingum.

## Fjölbreyttur búnaður

Veggreinirinn er útbúinn fjölbreyttum búnaði. Í honum eru:


- Tveir leysisskannar. Leysar á framás sem mæla sléttleika vegyfirborðsins.
- Þrívíddar hröðunarnemar á afturás.
- Þrjár myndbandsvélar á þaki bílsins
- Hitamyndavél.
- 360 gráðu myndavél.
- Jarðsjár, tvær 2 GHz og ein 400 MHz.
- GPS loftnet og IMU leiðrétting.

Myndavélarnar á toppi bílsins taka upp myndband af veginum og út til hliðanna. Þau myndbönd, auk mynda úr 360 gráðu myndavélinni, eru meðal annars notuð í öryggisrýni, við mat á endurbótum vega og merkinga við hönnun.

Hitamyndavélinna má meðal annars nota til að greina finsprungur sem sjást ekki með berum augum,



Á meðan mælifíll Vegagerðarinnar er ekið um vegi landsins er gögnum safnað með myndatökum og mælingum.



Hér má sjá skýringarmynd af veggreininum og fjölbreyttum búnaði hans.

MYNDIR/  
VEGAGERÐIN

til dæmis í slitlögum og jarðgöngum. Einnig er mögulegt að greina leka í veggjum jarðganga. Með því að greina slíkar sprungur er hægt að framkvæma fyrirbyggjandi viðhald áður en stór vandamál skapast. Hægt er að hengja jarðsjá á frambita bílsins. Með henni er meðal annars hægt að greina:

- Mismunandi lög í veghloti (uppbyggingu vegar).
- Hvar lagnir liggja undir vegi.
- Hvar sprungur eru að myndast undir malbiki.
- Mismunandi rakasöfnun í vegi.

- Þykkt steypu ofan á brúargólfi og legu járna í steypunni.

## Framkvæmd mælinga

Starfsmenn á hönnunardeild Vegagerðarinnar hafa séð um verklegan þátt mælinga. Dagar við mælingar eru oft langir, sér í lagi á sumrin þegar vel viðrar til mælinga. Veggreinirinn er þó ekki hægt að nota í bleytu, þar sem vatn safnast í dældir og hjólför og skanninn skannar ekki í gegnum vatn. Afköst á hefðbundnum degi við mælingar eru 100 kílómetrar, en við fulla úttekt þarf að aka kafla fjórum til fimm

sinum við fyrstu úttekt. Fyrst er mæling tekin á einni akrein í aðra áttina og síðan á hinni akreininni í hina áttina og ekið er á 50 km/klst. Þegar notast er við finhrýfmæla, sem mæla sléttleika vegarins, og 360° myndavél, er hægt að aka á 80 km/klst.

## Unnið úr gögnum

Sérkunnáttu þarf til að lesa úr gögnum veggreinisins en um það sjá starfsmenn hönnunardeildar Vegagerðarinnar. Hugbúnaðurinn sem fylgir mælifíllbúnaðinum heitir Road Doctor en hann er byggður á opnum grunni og því hægt að tengja ýmiss konar töflugögn við gögnin úr veggreininum, til dæmis úr slitlagabanka Vegagerðarinnar, gögn um uppbyggingu vega og frá falllóði.

Enn sem komið er hefur verið lögð áhersla á að meta dýpi hjólfara, hrýfi (yfirborðsáferð slitlags) og svokallað veltigildi sem gefur vísbendingu um aflögun vegar sem getur valdið hættu.

## Mat á viðhaldspörf og öryggisaðgerðum

Road Doctor-hugbúnaðurinn er öflugt tól til að aðstoða við ákvarðanatöku í viðhaldi vega og eru mældar hjólfaradýptir settar inn í RoSy, viðhaldskerfi Vegagerðarinnar. Með því að mæla hjólför á sömu köflum ár eftir ár er hægt að rannsaka hvaða efni endast best eða verst í slitlagi og þá af hverju. Með því að greina aflögun í vegi með veltigreiningu er hægt að staðsetja staði sem þarf að laga eða taka niður hámarkshraða á. Hrífígögn nýtast vel til að meta gæði

á nýju bundnu slitlagi og sléttleika á eldri slitlögum. Myndir og myndbönd nýtast vel til að skoða staði sem koma illa út og einnig til öryggisúttekta. Almennt má segja að gögn úr veggreini nýtist vel til að hanna hnitmíðaðar viðhalds- og öryggisaðgerðir og draga þannig úr kostnaði, auka endingu vega og stuðla að bættu umferðaröryggi.

## Frekari þróun og margvísleg verkefni veggreinisins

Mun fleira er hægt að greina úr gögnum veggreinisins en gert hefur verið hingað til. Til dæmis mætti greina staði þar sem runnið hefur úr öxlum eða þar sem efni hefur safnast í kanta og viðheldur bleytu á vegöxlum. Ein hagkvæmasta viðhaldsaðgerð á vegum í dag er að heflla niður kanta til að losna við vatn af vegi. Framtíðin gæti svo verið nákvæmnisgreining fyrir fyrirbyggjandi viðhald, eins og veghaldarar stefna almennt að.

Einn af stóru kostum veggreinisins er að nú er minni þörf fyrir að starfsmenn Vegagerðarinnar fari á staðinn. Til dæmis geta þeir, þegar alvarleg slys hafa átt sér stað, skoðað aðstæður með tilliti til hjólfara, missigs, halla fláa, sléttleika og einstaka hluti á öryggissvæði vegarins.

Í þeim tilfellum eru myndbandsupptökur og upptökur úr 360° vélinni þarfaþing.

Aðrir þróunarmöguleikar eru til dæmis að búa til landmódel af yfirborði vegsvæðis 20 metra til hvorrar hliðar út frá skannanum, sem nýta má í hönnun. Þá sparast tímafrekar mælingar í marga daga úti á vegi með tilheyrandi hættu. Einnig er hægt að sjá fyrir sér að drónamælingar og mælingar með veggreini fari vel saman. Skanninn er nákvæmari en drónarnir á veginum sjálfum, meðan drónarnir fanga betur heildarmynd svæðisins. Nokkuð var unnið af þessu í vetur og gefa fyrstu niðurstöður góða raun.

Þá mætti einnig nýta veggreininn til að leita að lögnum í jörð, en með því að leita að raka með jarðsjá og bera saman við lagnteikningar væri hægt að finna vísbendingar um leka. Fyrir umfangsmiklar malbikunaraðgerðir væri til dæmis tilvalið að skanna svæðið sem á að malbika til að skoða hvort skemmdir eru í lögnum sem mögulega gætu valdið skemmdum á veginum.

## Áætlaðar mælingar árið 2020 og til framtíðar

Stefnt er að því að skanna alla vegi á viðhaldsáætlun framkvæmda-deildar hverju sinni, en til stendur að mæla alla vegi með bundnu slitlagi. Ekki er búið að festa tíðni mælinga en suma vegi er gert ráð fyrir að mæla á hverju ári á meðan aðrir vegir verða mældir sjaldnar og mun það þá fara eftir umferð og álagi.

Árið 2019 voru mældir um 4.000 kílómetrar um allt land og í ár er ætlunin að klára mælingu á öllu slitlagi Hringvegarins og mæla auk þess aftur þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu.

Birt með góðfúslegu leyfi Vegagerðarinnar. Lengri og ítarlegri útgáfa af þessari grein mun birtast í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar sem kemur út á næstu dögum. Sjá meira á vegagerdin.is.

MICKEY THOMPSON

M/T

JEPPADEKK



DEEGAN 38  
A/T

BAJA  
MTZp3

BAJA  
ATZp3

DEEGAN 38

BAJA  
CLAW

BAJA  
CLAW TTC

Ice-track ehf 773-4334 [mtdekk@mtdekk.is](mailto:mtdekk@mtdekk.is) [www.mtdekk.is](http://www.mtdekk.is)





# DEKKJASALAN

*Dekk og flottar felgur*



***ALLT Á EINUM STAÐ***



***Miðjustýringar***



***Felgurær og felguboltar fyrir  
flestar gerðir bíla***



***Forritanlegir  
loftþrýstingsskynjarar***





Gúmmið í dekkjunum spillist með tímanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Öldrun dekkja

Almenna reglan um endingu upprunalegra dekkja á nýjum bíl er sú að þau endist í um 80.467 kílómetra akstur. Hins vegar eru mörg atriði sem geta haft töluverð áhrif á endingu dekkja og minnkað hana til muna.

Því dekk eldast, sem merkir það að gæði þeirra minnka með ári hverju. Þá hefur mest að segja ákveðið efnafræðilegt ferli sem á sér stað í gúmmíinu og hiti og sólarljós geta haft slæm áhrif á þetta ferli. Til að mynda er líftími dekkja sem eru aldrei notuð kringum 6-10 ár en þessi líftími fer að sjálfsgöðu eftir þeim aðstæðum sem dekkinn eru geymd við.



Platan Rubber Soul markaði tíma-mót í sögu og tónlist Bítlanna.

## Bítlar og bílar

Allt er nú til segja sumir og á það svo sannarlega við um laga- og textagerð, en þó nokkur lög sem á einn eða annan hátt tengjast bílum hafa náð vinsældum í gegnum tíðina.

Eitt þeirra er lagið Drive my Car“ með Bítlunum en það var samið þann 13. október árið 1965 og var á plötunni Rubber Soul sem kom út í desember sama ár. Textinn er sunginn frá sjónarhorni karlmanns sem er beðinn um að vera einkabílstjóri konu sem segist muni verða stór stjarna. Þegar hann samþykkir það svo játar hún: „Ég á engan bíl og það brýtur í mér hjartað, en ég hef fundið ökumann og það er byrjunin.“

Paul McCartney sagði síðar að orðatiltækið „Drive my Car“ hafi gjarnan verið notað sem tilvísun í kynlíf í blústextum áður fyrr og þá helst áður en sjálfskiptir bílar komu til sögunnar.

# Eldsneytiseyðsla eykst í kulda

Eftir því sem kólnar í veðri vex eldsneytiseyðsla bílsins. Munurinn á eyðslu á sumrin og veturna getur auðveldlega numið allt að 20 prósentum. Vissulega er hægt að vinna umtalsvert gegn þessari sóun með því einu að setja vélarhitara í bílinn. En ef vélarhitari er ekki til staðar er samt hægt að gera ýmislegt til að draga úr eyðslunni. Gott ráð er að nota sem allra minnst aftur-

rúðu-, sæta- og speglahitarana. Þá er mikilvægt að sjá til þess að loftþrýstingurinn í dekkjunum sé minnst sá sem hann á að vera samkvæmt handbók bílsins og jafnvel 0,2 loftþyngdum hærri í miklum kulda. Einnig er gott að keyra vélina á sem lægstum snúningi og láta hana ekki erfiða. Þá skal hafa í huga að smá snattferðir á bílnum kosta mikið og best er að spara slíkan akstur sem mest.



Í kulda er gott að passa þrýstinginn.

## Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is



### Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu Michelin

Aukið grip hvort sem í hálfu, snjó eða slabbi

Endingargott grip út líftímann

Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður

Allir bestu eiginleikarnir – Michelin Total Performance



### Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálfu, hvort sem dekkinn eru ný eða ekin 10.000 km

Betri aksturseiginleikar m.v. helstu samkeppnisaðila

Hámarks grip með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð

Einstök ending

Notaðu N1 kortið

### Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða 440-1318  
Fellsmúla 440-1322  
Réttarhálsi 440-1326  
Ægisiðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378  
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374  
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372  
Dalbraut Akranesi 440-1394  
Réttarhvammi Akureyri 440-1433



### Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því sem dekkið slitnar

Endingargott grip út líftímann

Lagskipt gúmmíblanda sem veitir hámarks grip



ALLA LEIÐ